

Matvælastofnun  
Austurvegi 64  
800 Selfossi

Reykjavík, 28. júní 2024  
UST202406-130/A.P.  
08.12.01

### Efni: Umsögn - Tilraunaleyfi fyrir skeldýrarækt - Northlight Seafood ehf.

Vísað er til erindis Matvælastofnunar (MAST) er barst 11. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umsókn um tilraunaleyfi fyrir Northlight Seafood ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) vegna skeldýraræktar á sjö svæðum. Í samræmi við 9. gr. laga nr. 90/2011 um skeldýrarækt óskar MAST eftir umsögn Umhverfisstofnunar varðandi það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu ræktunarsvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

### Framkvæmdalýsing

Rekstraraðili sækir um ný tilraunaleyfi fyrir skeldýrarækt á bláskel (*mytilus edulis*) með flekum á sjö svæðum, í sveitarfélögunum Fjarðabyggð, Skagafirði, Skagabyggð, Húnaþingi vestra, Strandabyggð, Kaldrananeshreppi og Ísafjarðarbæ.

Í umsókn kemur fram að fyrsta sig framkvæmdarinnar er að kanna sjávarstrauma og þörungamagn sjávar til að gera áætlanir um fjölda á ræktunarflekum sem hvert svæði ber og staðsetningu þeirra. Engin fóðurgjöf er fyrirhuguð.

### Erfðafræðiáhrif og áhrif ræktunar á botndýralíf

Umhverfisstofnun telur að ef um lirfur af svæðinu er að ræða sé ekki ástæða til að ætla að ræktunin valdi óæskilegum erfðafræðiáhrifum á krækling í firðinum.

Þar sem engin fóðurgjöf er fyrirhuguð telur stofnunin ekki ástæðu til að ætla að ræktunin hafi neikvæð áhrif á botndýralíf á ræktunarsvæðunum.

Virðingarfyllt,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson,  
**teymisstjóri**

Agnes Þorkelsdóttir,  
**sérfræðingur**